



# Reglur um ferðapjónustu í Kópavogi

## I. KAFLI LÖGBOÐIN ÞJÓNUSTA

### 1.gr.

#### Réttur til þjónustu og markmið

Lögboðin ferðapjónusta er eingöngu til afnota fyrir þá íbúa í Kópavogi sem heyra undir lög um málefni fatlaðra nr. 59/1992 og sannanlega þarfnast sértækrar akstursþjónustu til að komast á milli staða.

Markmið lögboðinnar ferðapjónustu er að gera þeim sem ekki geta nýtt sér almenningsvagna vegna líkamlegrar eða andlegrar fötlunar kleift að stunda atvinnu og nám og njóta tómsunda.

### 2. gr.

#### Skilgreiningar á ferðum

Ferðir til og frá vinnu, skóla og hæfingu ganga fyrir öðrum ferðum og skulu þær ferðir vera að hámarki 44 á mánuði. Ferðir til annarra erinda skulu ekki vera fleiri en 24 á mánuði.

Ferð er skilgreind í reglum þessum sem akstur milli tveggja staða en ekki akstur fram og til baka. Miða skal við að ferðir verði aldrei fleiri en 68 á mánuði.

### 3. gr.

#### Umsóknarferli og úthlutanir

Umsókn um ferðapjónustu skal senda til Félagsþjónustu Kópavogs, Fannborg 4. Í umsókn þarf að koma fram ástæða fyrir umsókn og rökstudd ósk um fjölda ferða. Læknisvottorð og/eða greinargerð annarra fagaðila skal fylgja umsókn.

Umsóknir eru lagðar fyrir deildarfundum þjónustudeildar fatlaðra að jafnaði sjö dögum eftir að umsókn og gögn hafa borist. Umsókn er fyrst og fremst metin á grundvelli möguleika umsækjanda til að nýta sér þjónustu almenningsvagna eða aðra ferðamöguleika.

Umsækjendum er tilkynnt bréflaga um úthlutun innan sjö daga frá ákvörðun. Umsækjandi getur skotið ákvörðun um úthlutun til félagsmálaráðs innan þriggja mánaða frá ákvörðun.

Umsóknir eru endurnýjaðar einu sinni á ári, í desember.

### 4. gr.

#### Framkvæmd

Akstursaðilar ferðapjónustunnar taka á móti beiðnum notenda og sjá um skipulagningu ferða. Þeir setja sér reglur um framkvæmd þjónustunnar þar sem áhersla er lögð á virðingu og þjónustulund gagnvart notendum.

**5. gr.  
Gjaldtaka**

Gjald fyrir hverja ferð skal miðast við helming af almennu fargjaldi Strætó og greiðist til Kópavogsbæjar.

**II. KAFLI  
ÖNNUR FERÐAÞJÓNUSTA**

**6. gr.  
Þjónusta fyrir þá sem ekki eiga lögboðinn rétt**

Heimilt er að veita þeim sem uppfylla ekki skilyrði 1. mgr. 1. gr. þessara reglna ferðaþjónustu að því gefnu að þeir geti sannanlega ekki nýtt sér almenningsvagna vegna andlegrar eða líkamlegrar skerðingar.

Hámarksferðafjöldi eru 16 ferðir á mánuði.

Í undantekningatilvikum er heimilt að veita fleiri ferðir til viðbótar en þá eingöngu þegar um er að ræða eftirfarandi skilyrði:

1. Akstur til að sækja tímabundna lækni meðferð eða endurhæfingu á sjúkrahúsi eða endurhæfingarstofnun í allt að þrjú mánuði á ári.
2. Akstur í dagvist aldraðra utan bæjarfélagsins og í skipulagt félagsstarf á vegum bæjarfélagsins.

Umsóknarferli, úthlutanir og framkvæmd ferðaþjónustu samkvæmt II. kafla er eins og kveðið er á um í 3. og 4 gr. I. kafla fyrir lögboðna þjónustu nema að yfirmaður þjónustudeildar aldraðra situr deildarfundi þjónustudeildar fatlaðra þegar umsóknir aldraðra eru teknar fyrir.

Gjaldtaka fyrir hverja ferð samkvæmt II. kafla er 500 kr. Fari ferðafjöldi yfir 16 ferðir á mánuði greiðast 1000 kr. fyrir hverja ferð. Gjald greiðist til Kópavogsbæjar.

**III. KAFLI  
GILDISTAKA**

**7. gr.**

Reglur þessar eru settar samkvæmt XI kafla laga nr. 40/1991 um félagsþjónustu sveitarfélaga og 35. gr. laga um málefni fatlaðra nr. 59/1992.

Reglur þessar voru samþykktar í bæjarstjórn Kópavogs þann 10. 1. 2011.

Breytingar á úthlutun skv. 3. gr. og gjaldi skv. 6. gr. samþykkt í bæjarstjórn 24.01.2012.